borgarmál borgarmál borgarmál borgarmál borgarmál borgar

Meira en helmingur innkaupa borgarsjóðs og fyrirtækja hans fer „fram hjá" Innkaupastofnun

Athyglisverðar umræður í Borgarstjórn um fiskkassakaup BÚR og fleira

Á fundi borgarstjórnar Reykjavíkur síðastliðinn þriðjudag urðu snarpar umræður um Bæjarútgerð Reykjavíkur og Innkaupastofnun Reykjavíkurborgar, en tilefni umræðunnar voru vinnubrögð BÚR við kaup á um 15.000 fiskikössum fyrir um 40 milljónir króna.

Sniðgengur borgarstjóri samþykktir borgarstjórnar?

Til umræðu var fundagerð borgarráðs frá 19. júlí s.l. en þar hafði Alfreð Þorsteinsson, borgarfulltrúi látið bóka eftirfarandi:

„Vegna fundargerðar B.Ú.R. frá 13. júlí, þar sem rætt er um væntanleg kaup á 15 þúsund fiskikössum, vil ég mótmæla þeim vinnubrögðum B.Ú.R. að sniðganga reglur Innkaupastofnunar Reykjavíkurborgar, sem kveða á um, að stjórn Innkaupastofnunarinnar taki ákvarðanir um kaup á vörum og þjónustu fyrir stofnanir og fyrirtæki Reykjavíkurborgar. B.Ú.R. er ekki undanþegin reglum Innkaupastofnunarinnar og verður að vænta þess, að fyrirtækið lúti reglugerð hennar, meðan ekki hefur verið tekin ákvörðun um annað."

Alfreð Þorsteinsson hóf umræðuna með því að skýra frá einkennilegum vinnubrögðum í máli þessu Að visu hefði BUR og borgarstjórnarmeirihlutinn verið knúinn til þess að láta fara fram almennt útboð á nefndum fiskikössum, þrátt fyrir yfirlýsingar um að aðeins tvö fyrirtæki gætu útvegað nefnda kassa, þ.e. Kristján Skagfjörð hf og Asíufélagið hf.

Rakti ræðumaður einkennilega afstöðu borgarstjórnarmeirihlutans til innkaupa Bæjarútgerðarinnar og átaldi harðlega þau ummæli borgarstjórans í Reykjavík í viðtali við dagblað í Reykjavík, þar sem borgarstjóri taldi sérstöðu Bæjarútgerðarinnar valda því að hún þyrfti ekki að beina viðskiptum sínum til Innkaupastofnunarinnar.

Sagði Alfreð Þorsteinsson að ekkert væri í samþykktum borgarstjórnar, sem undanþægi Bæjarútgerð Reykjavíkur frá því að gera viðskipti sín fyrir milligöngu Innkaupastofnunar Reykjavíkurborgar.



Alfreð Þorsteinsson, borgarfulltrúi

Meira en helmingur viðskipta borgarinnar fer framhjá Innkaupastofnun Reykjavíkurborgar.

Þessi afstaða og hliðstæð ætti sinn þátt í því að rík tilhneiging væri hjá borgarfyrirtækjum að sniðganga Innkaupastofnunina og minnti ræðumaður m.a. á Snorramálið svo nefnda, (þegar Borgarspitalinn vildi án afskipta kaupa sjúkrarúm án útboðs — og á hærra verði en hægt var að fá með útboði.)

Að lokum minnti Alfreð á þá staðreynd að Albert Guðmundsson, borgarfulltrúi Sjálfstæðisflokksins hefði að undanförnu ekki mætt á stjórnarfundum Innkaupastofnunarinnar, til þess (væntanlega) að mótmæla vinnubrögðum við innkaup borgarinnar.

Meðal þeirra sem til máls tóku í umræðu þessari voru borgarstjórinn, **Birgir Ísl. Gunnarsson, Ragnar Júlíusson,** borgarfulltrúi, **Björgvin Guðmundsson** og **Albert Guðmundsson.**

Við umræðuna kom í ljós, að borgarstjóri telur að sérstaða bæjarútgerðarinnar sé slík, að hún verði að hafa svipaðar aðferðir við innkaup sín og önnur útgerðarfélög. Hefði sami háttur gilt frá stofnun hennar. Þó taldi borgarstjóri ekki fráleitt að bjóða út vissa þætti af rekstrarvörum B.Ú.R.

Borgarstjóri hafnaði því að þurfa að hafa hliðsjón af samþykktum borgarstjórnar er hann tjáði sig opinberlega.

Við umræðurnar kom í ljós að Bæjarútgerðin hefði aðeins talið fiskkassa frá tveim fyrirtækjum henta útgerðinni.

Upphaflega hefðu 3000 kassar (tæpar 8 milljónir króna nú) verið keyptir af fyrirtækinu Kristján Skagfjörð hf.

Óskað hefði verið munnlega eftir tilboðum í 15.000 slíka kassa frá tveim fyrirtækjum. Kom fram í umræðunni að munnleg tilboð fælu ekki í sér nægjanlega traustar upplýsingar um gæðakröfur, afhendingartíma o.fl. og því hefði verið betra að óska skriflega eftir verðtilboðum í ákveðna vöru.

Nú hefur, sem áður sagði, verið greint frá því að almennt útboð á að fara fram á þessum 15.000 kössum á vegum Innkaupastofnunar Reykjavíkurborgar.

Albert Guðmundsson, borgarfulltrúi, hvað fjarveru sína af fundum stjórnar Innkaupastofnunar Reykjavíkurborgar stafa af ýmsu. M.a. frámunalega lélegu og óframbærilegu endursölukerfi, en Innkaupastofnun hefur kjallara fullan af rusli undir endursöluvarning.

Þá upplýsti borgarfulltrúinn, að sem dæmi um vinnubrögðin, þá færi rúmlega helmingur innkaupa fyrirtækja Reykjavíkur framhjá Innkaupastofnuninni, þar á meðal allur matur á sjúkrahús borgarinnar.

Kvað hann veitingamenn og matvælaframleiðendur hafa kvartað undan þessu við sig, þar á meðal Þorvald Guðmundsson forstjóra í Síld og Fiski. Annars kvaðst Albert vera andvígur stofnunum á borð við Innkaupastofnun og efaðist um gildi þeirra.

Að lokum tók **Alfreð Þorsteinsson** aftur til máls og ítrekaði þá hættu, sem stafaði af því ef borgarstjóri og aðrir teldu það matsatriði hverju sinni, hvort fyrirtæki borgarinnar skiptu við Innkaupastofnun. Innkaupastofnunin hefði á sínum tíma verið stofnuð til þess að halda útgjöldum borgarfyrirtækja og þá skattborgaranna í skefjum og hindra það, að borgarfyrirtæki væru að hygla sérstökum gæðingum í formi viðskipta við borgina.

Ekki hefði verið staðinn vörður um þessa stofnun, eins og berlega hefði komið fram, þar sem meira en helmingur innkaupa borgarsjóðs og fyrirtækja hans færu nú framhjá Innkaupastofnun.

JG

borgarmál borgarmál borgarmál borgarmál borgarmál borgar

Taka ýmis hættuleg sér lyf sem lítið gagna, út af lyfjaskrá

Kás-Reykjavík. **Í síðasta tölublaði Lögbirtingablaðsins er auglýsing frá Heilbrigðis- og tryggingarmálaráðuneytinu, varðandi sérlyf, sem tekin eru af sérlyfjaskrá.**


Samkvæmt henni hefur ráðuneytið ákveðið, að frá og með 1. september n.k. verði lyfin: Entero-Vioform, Mexaform, og Siogen, sem öll eru Ciba-Geigy sérlyf, tekin af sérlyfjaskrá.

Enn fremur verður frá og með 1. október óheimilt að ávísa, selja, eða afhenda eftirtalin lögbókarlyf: Mixtura Jodchlorozichinolini DAK, Tablettae jodchoroxichinolini 0,25 g DAK, og Solublettae chiniofoni 0,25 g Nord.

Tíminn hafði samband við Ólaf Ólafsson landlækni vegna þessarar auglýsingar, og spurði hann um hvaða lyf væri að ræða og hvers vegna þeu væru tekin út af skrá. Sagði hann, að fengin væri mjög góð reynsla fyrir því, að fyrrnefndi lyfjahópurinn gagnaði lítið, en af þeim stafaði mikil hætta, ef þau væru tekin í stórum skömmtum, og gætu þau þá valdið sjúkdómum í taugakerfinu.

Hvaðvið kæmi seinni flokknum, sagði landlæknir, að einfaldlega væri búið að finna önnur og betri lyf í þeirra stað.

Þá var landlæknir spurður að því, hvað liði reglugerð um öryggislyfjaglös, en þessi mál voru töluvert í sviðljósinu sl. vetur. M.a. hefur fyrirtækið Bjallaplast hannað sérstök öryggis lyfjaglös, sem börn eiga ekki að geta opnað. Ólafur sagði að verið væri að ganga frá umræddri reglugerð, og tæki hún væntanlega gildi á komandi hausti. Verður Ísland þá annað ríkið í heiminum sem setur reglugerð varðandi hönnun og búnað lyfjaglasa.



Örn Þorsteinsson og fjölskylda skoða myndir Reykjavíkur sem eru til sýnis á Kjarvalsstöðum.

ÚR MÁLVERKASAFNI REYKJAVÍKURBORGAR

Kás Reykjavík. Í dag er opnuð sýning á Kjarvalsstöðum á listaverkum úr málverkasafni Reykjavíkurborgar og stendur hún til 23. ágúst.

Í sýningarskrá stendur, að reynt sé eftir því sem efni og aðstæður leyfi, að setja nokkur þau málverk, sem Reykjavíkurborg á í lauslegt sögulegt samhengi, einkum til þess að gefa erlendum gestum einhverja mynd af þróun íslenzkrar málaralistar síðustu 60 árin, — gegnum expressionsima frumherjanna, kúbisma stríðsáranna, afstraktlist eftirstríðsáranna, raunsæi og síðan nýjustu hræringar.

Uppsetningu sýningarinnar önnuðust Aðalsteinn Ingólfsson, Guðmundur Benediktsson og Gunnar Örn Gunnarsson.